

framansögðu verða ómerk dæmd. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100.00 kr. sekt í ríkissjóð, en til vara 5 daga varðhald. Kostnað af birtingu dóms þessa ber stefndum að greiða stefnanda. Þykir hann hæfilega áætlaður kr. 60.00. Loks verður að gera stefndum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 150.00.

Dóm þenna kvað upp Gunnar A. Pálsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli undir 1, 3, 4 og 5 skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Theódór Friðriksson, greiði 100.00 króna sekt í ríkissjóð innan aðfararfrests í máli þessu, en sæti ella 5 daga varðhaldi.

Stefndur greiði stefnandanum kr. 60.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa og kr. 150.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. október 1944.

Nr. 18/1944. **Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Vélsmiðjunni Keili h/f

(Kristján Guðlaugsson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febr. þ. á., hafa krafizt niðurfærslu á kröfu stefnda, sem er kr. 7286.79, um kr. 4740.86, þannig að þeim verði einungis gert að greiða stefnda kr. 2545.93 vaxtalaust. Áfrýjendur krefjast þess einnig, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í viðskiptareikningi stefnda til áfrýjenda, dags. 28. júlí 1942, eru taldir dagvinnutímar 914 á kr. 6/30 kr.	5758.20
yfirvinnutímar 133 á kr. 9/42	— 1252.86
og næturvinnutímar 51 á kr. 12/60	— 642.60

kr. 7653.66

Fyrir þessa vinnu alla eru gerðar í reikningnum kr. 12394.52
 en er rétt reiknað — 7653.66

Ofkrafid eftir reikningnum kr. 4740.86

sem er fjárhæð sú, er áfrýjendur krefjast skuldina í máli þessu lækkaða um. Stefndi kveðst hafa vantalið dagvinnuna um 600 tíma. En þótt svo væri, þá næmi gjald fyrir þá með kr. 6.30 kaup um tímann þó aðeins kr. 3780.00. Stefndi hefur þrátt fyrir áskorun áfrýjenda enga aðra grein gert fyrir mismun téðrar reikningsupphæðar, kr. 12394.52, og þess, er út skal koma í reikningsliðnum, kr. 7653.66, samkvæmt tilgreindum tímafjölda. En sú greinargerð verður ekki gegn mótmælum áfrýjenda tekin til greina, enda átti stefnda að vera unnt að sýna fram á það, hvern vinnustundafjölda hann hafði vantalið. Áfrýjendur kveðast og í flutningi málsins í héraði hafa þegar fundið að fyrirnefndum lið reikningsins, og sézt ekki af skjölum málsins, að þessari staðhæfingu hafi verið nægilega mótmælt. En jafnvel þótt áfrýjendur hefðu ekki fundið að reikningsliðnum og þótt þeir hafi 4. september 1942 greitt inn í viðskiptin kr. 2000.00 án fyrirvara, gat það ekki bundið áfrýjendur til þess að greiða fjárhæð, sem fram var komin vegna bersýnilegrar reikningsvillu í fyrirnefndum lið reikningsins 28. júlí 1942. Loks verður eigi talið, að samþykki Erlings Þorkelssonar á reikninginn skipti nokkru um úrslit þessa máls.

Samkvæmt framansögðu ber að færa kröfu stefnda niður í kr. 2545.93, er greiðist með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, en að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði stefnda, vélsmiðjunni Keili h/f, kr. 2545.93 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjendum kr. 1000.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Guðfinnur Þorbjörnsson f. h. Vélsmiðjunnar Keilis h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefni 20. nóvember f. á. gegn eigendum l/v Hugins, þeim Tómasi Jónssyni kaupmanni, Laugavegi 2, og Þorsteini Sigurðssyni útgerðarmanni, Bergþórugötu 27, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 7286.79, með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1943 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndir hafa krafizt þess, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar um kr. 4740.88 og málskostnaður felldur niður.

Málavextir eru þeir, að l/v Huginn var nokkrum sinnum árið 1942 í viðgerð hjá stefnanda, og samkvæmt reikningsyfirliti hans, sem miðað er við 10. desember þess árs, nam skuld stefndra við hann fjárhæð þeirri, sem stefnt er um. Einn liður yfirlits þessa er reikningur um viðgerð, er fram fór milli 18. maí og 13. júlí 1942. Virðist ágreiningur aðilja vera um hluta hans eingöngu og felast í því, að í reikningi þessum segir, að unnið hafi verið við aðgerðina 914 klukkustundir í dagvinnu, en endurgjald áskilið fyrir 1514 klst. Kveður stefnandi mismun þenna stafa af því, að gleymt hafi að bæta við 600 klst. fyrir verkstjórn, en stefndir hafa véfengt það í flutningi málsins, að hér sé rétt frá skýrt.

Stefnandi hefur haldið því fram, án mótmæla af hálfu stefndra, að reikningur þessi hafi verið sendur þeim þegar að viðgerð lokinni, og gegn andmælum hans hafa ekki verið færðar sönnur á þá staðhæfingu stefndra, að þeir hafi þá hreyft athugasemdom við þessu misræmi og krafizt skýringa á því. Hins vegar er það viðurkennt í málinu, að stefndir hafa oftár en einu sinni greitt upp í skuld sína við stefnanda eftir þetta án fyrirvara, að því er séð verður. Þá hefur og fram komið í málinu, að stefndir hafa falið Gísla vélaeftirlitsmanni Jónssyni að hafa umsjón með við-

gerðum á skipinu. Vegna annríkis Gísla um þessar mundir annaðist fulltrúi hans, Erlingur Þorkelsson, eftirlitið um viðgerð þá, er hér ræðir. Báðir hafa menn þessir komið fyrir bæjarþingið og lýst starfi þessu svo, að þeir meti til fjár viðgerð þá, sem fram hefur farið, og beri saman mat sitt og reikninginn um viðgerðarkostnaðinn. Sé ekki verulegur munur, áriti þeir reikninginn, en reikningur sá, er hér skiptir máli, ber áritun fulltrúans. Verður ekki annað ráðið af því, er fram hefur komið í máli þessu, en að áritun þessi hafi verið á reikningnum, er hann var sýndur stefndum.

Þykir þetta hvort tveggja, hinar fyrirvaralausú greiðslur stefndra upp í skuld sína við stefnanda og aðgerðarleysi þeirra um mótmæli og mat eftirlitsmanns þeirra á kostnaðinum af viðgerðinni, valda því, að þeir geti ekki nú borið fyrir sig frágang reikningsins, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina, en málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Keili h/f, kr. 7286.79 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1944.

Nr. 102/1943. **Borghildur Brynjólfsdóttir**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Huga Vigfússyni (Egill Sigurgeirsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Með mál þetta fór í héraði fulltrúi lögmanns Bjarni Bjarnason og settur lögmaður Kristján Kristjánsson, og hefur hinn síðarnefndi kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. nóv. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sama mánaðar.